

Orkufrekur iðnaður í Þingeyjarsýslu – SVÓT-greining

Unnið að tilhlutan verkefnisstjórnar - NAUST

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og starfshópur Norðurþings, Skútustaðahrepps
og Þingeyjarsveitar

Apríl 2010

Inngangur

SVÓT greining er aðferð til að draga saman með skilvirkum hætti styrkleika og veikleika í innri gerð og ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi þess fyrirbæris sem til skoðunar er. Viðfangsefnið hér er að greina svæðið sem afmarkast af sveitarfélögunum Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit og þá þætti í innri gerð svæðisins sem eru styrkleikar og veikleikar með tilliti til uppbyggingar orkufreks iðnaðar á svæðinu. Með sama hætti eru dregin fram þeir þættir sem snúa að ytra umhverfi þess og fela annað hvort í sér ógnanir eða tækifæri varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Mikilvægur þáttur í greiningarvinnu af þessu tagi er að hún sé unnin af nokkuð breiðum hópi þátttakenda. Þannig þurfa þau atriði sem fram eru dregin að standast ákveðna skoðun þar sem hópurnir þarf að vera sammála um að viðkomandi atriði hafi þýðingu í greiningarvinnunni.

Greiningarvinnan er unnin að tilhlutan verkefnisstjórnar sem skipuð var á grundvelli viljayfirlýsingar ofangreindra sveitarfélaga og ríkisvaldsins frá 22. október 2009 um nýtingu „... jarðvarma í Þingeyjarsýslum til stórfelldrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu.“ Verkefnið var unnið í mars og apríl 2010. Greiningarvinnan var unnin af 12 manna hópi karla og kvenna þar sem fjórir komu frá hverju sveitarfélagi. Fór hún þannig fram að hópnum var skipt í tvennt og fór hvor hópur um sig í gegnum greininguna og síðan var farið sameiginlega yfir niðurstöðurnar. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hafði umsjón með vinnunni og annaðist skrif greinargerðar.

Niðurstöður SVÓT greiningarinnar

Hér verða dregnar saman megin niðurstöður SVÓT greiningarinnar. Fyrst eru teknir saman þeir styrkleikar og tækifæri sem svæðið hefur úr að spila varðandi uppbyggingu atvinnustarfsemi sem byggir á nýtingu orkuauðlinda svæðisins. Síðan eru teknir saman þeir veikleikar og ógnanir sem takast þarf á við.

Styrkleikar og tækifæri

Orkuauðlindin

Hvað varðar orkuauðlindina sjálfa liggur megin styrkleikinn í miklu orkumagni og fjölbreytileika orkuauðlindanna sem er að finna á svæðinu. Tiltölulega gott aðgengi að orkuvinnslusvæðunum, sem eru nærri byggð og dreifing orkunnar um svæðið eru einnig styrkleikar. Nálægð við byggð og skilgreind iðnaðarsvæði gerir það einnig að verkum að flutningskostnaður orkunnar er lágmarkaður. Þessi staða lágmarkar einnig flutningstöp og hámarkar afhendingaröryggi orkunnar. Gott aðgengi er einnig að miklu magni af heitu og köldu vatni á svæðinu sem styrkir fjölbreytilega notkunarmöguleika orkuauðlindarinnar.

Tækifærin í orkunýtingunni liggja í hækkandi orkuverði í heiminum og auknum áhuga á vistvænni orku sem nýtt verði til sjálfbærrar framleiðslustarfsemi. Uppbygging orkuvinnslunnar í þrepum yfir lengri tíma skapar líka tækifæri til að byggja upp til lengri tíma meiri þekkingu og virðisauka innan svæðisins við uppbygginguna en ef orkuöflunin færi öll fram á skömmum tíma. Þá liggja einnig tækifæri í varmaorkunni til ýmiskonar efnaframleiðsluferla ásamt því að framtíðarmöguleikar felast í mögulegri olíuvinnslu á svæðinu.

Innviðir og stjórnsýsla

Ef horft er til innviða svæðisins og stjórnsýslu liggja styrkleikarnir í því að þjónustukerfi sveitarfélaganna, s.s. skólar og fleiri stofnanir og einnig heilbrigðisþjónustan og önnur þjónusta á vegum ríkisins, geta tekið við talsverði íbúafjölgun án þess að ráðast þurfi í fjárfrekar stofnframkvæmdir. Á svæðinu eru tveir framhaldsskólar sem einnig geta tekið við auknum nemendafjölda. Þá er vegakerfi svæðisins ágætlega uppbyggt þó svo að styrkja þurfi ákveðna veika hlekki. Hafnaraðstaða er ágæt og tiltölulega auðvelt að auka afkastagetu hennar verulega. Þá liggja einnig fyrir áætlanir um uppbyggingu nýrra og stærri hafnarmannvirkja eftir því sem þörf kallar á. Flugvöllur er á svæðinu sem tilbúinn er að taka við áætlunarflugi, skapist til þess forsendur. Í samstarfi sveitarfélaganna er einnig rekin sorpbrennsla sem m.a. ræður við eyðingu spilliefna.

Öflugt samstarf sveitarfélaganna á svæðinu sem snýr að grunnþjónustu og sérstakt samstarf varðandi orkunýtingu, sem m.a. kemur fram í sameiginlegu svæðisskipulagi háhitasvæðanna, er styrkur þegar kemur að nýtingu orkuauðlindanna. Þá liggja fyrir skilgreind iðnaðarsvæði í aðalskipulögum sveitarfélaganna.

Nálægð við Akureyri, næststærsta þéttbýliskjarna landsins og þar með við stóran vinnumarkað, háskóla og annað tveggja skilgreindra hátækniúsúkrahusa landsins er ótvíræður styrkleiki sem skapar svæðinu tækifæri í uppbyggingu sem ella væri erfiðara að fást við.

Þau tækifæri sem snúa að innviðum svæðisins eru gerð Vaðlaheiðarganga og verklok við uppbyggingu Dettifossvegar. Einnig verður að telja líklegt að lokið verði við uppbyggingu Kísilvegar komi til orkuvinnslu og stórfelldrar hafnsækinnar atvinnustarfsemi í tengslum við hana. Þá er líklegt að tækifæri gætu skapast til frekari uppbyggingar vegakerfisins, s.s. hálendisvega sem skapa myndi öflugri ferðaþjónustu á svæðinu ný tækifæri. Umfangsmikil hafnsækin starfsemi skapar ýmis önnur tækifæri hvað varðar atvinnustarfsemi sem treysta þarf á hagkvæma og örugga flutninga, með því að nýjar siglingaleiðir verða til og þar með fjölbreyttari flutningsmöguleikar en nú eru. Með auknum umsvifum í tengslum við nýtingu orkuauðlindanna skapast tækifæri varðandi áætlunarflug inná svæðið og einnig betri tengingar í gegnum millilandaflug til Akureyrar.

Í skipulagi stjórnsýslu sem styður markmiðssetningu um nýtingu orkunnar til atvinnuuppbyggingar innan héraðs geta falið ákveðin tækifæri. Sameining sveitarfélaganna á svæðinu gæti þannig falið í sér slíkt tækifæri þó vissulega séu skiptar skoðanir um það og þá einnig um æskilegt umfang slíkrar sameiningar, þ.e. hvort horfa eigi til sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslu sem einingar eða hvort horfa eigi á allt starfsvæði Eyþings. Skilvirkt skipulag hins staðbundna pólitíska umboðs, sem endurspeglar með virkum hætti hinn félagslega og efnahagslega veruleika byggðarlaganna er mikilvægt tæki til þess að hafa áhrif á stjórnvöld og löggjafann á hverjum tíma. Sú svæðaskilgreining sem m.a. er unnið með í **Sóknaráætlun 20/20** hefur einnig áhrif á það hvernig hugtök eins og „nýting orkuauðlinda í héraði“ verða skilgreind.

Í því ástandi sem ríkir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum kunna að liggja tækifæri í því að laða að erlenda fjárfestingu aðila sem sækjast eftir því að fjárfesta í grænni orkuvinnslu og -nýtingu sem langtímafjárfestingu, í stað hefðbundinna fjárfestinga á markaði vegna þeirrar áhættu sem henni fylgir.

Félagsauður og þekkingarstig

Það er ótvíræður styrkleiki að íbúar svæðisins eru almennt jákvæðir fyrir nýtingu orkunnar á svæðinu (í heild) og nánast órofa samstaða er um nýtingu hennar til uppbyggingar innan héraðs að því marki sem til nýtingarinnar kemur. Veruleg vísindaleg þekking á jarðvarmaauðlindinni er nú þegar til staðar ásamt þekkingu á mögulegri nýtingu hennar í atvinnuskyni. Þá liggur einnig veruleg þekking varðandi fleiri þætti náttúru og samfélags á svæðinu s.s. innan Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn, Náttúrustofu Norðausturlands, Þekkingarseturs Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Impru, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Háskólans á Akureyri. Skipuleg framsetning á þeirri þekkingu sem fyrir liggur um svæðið með gerð kynningarefnis sem beint er að fjárfestum sem byggja vilja upp atvinnustarfsemi, hvort sem er orkufreka eða aðra, getur skapað ný tækifæri í uppbyggingu.

Tiltölulega fjölbreytt atvinnulíf svæðisins skilar félagslegum fjölbreytileika sem er grunnur þess mannauðs sem er á svæðinu og kemur m.a. fram í öfluglu menningarstarfi. Um leið skapar þessi grunnur forsendu fyrir því að laða ungt fólk á svæðið með því að skapa því ný tækifæri með þeirri atvinnuuppbyggingu sem að er stefnt. Á það bæði við um störf sem skapast beint við orkuvinnsluna og orkunýtinguna en ekki síður þau margvíslegu afleiddu störf sem skapast við slíka uppbyggingu og stækkun samfélagsins.

Veikleikar og ógnanir

Orkuauðlindin

Helsti veikleikinn varðandi orkuauðlindina er að þrátt fyrir að þekking á jarðvarmasvæðunum sé veruleg vantar frekari staðfestingar á orkugetu svæðanna. Sú staðfesting fæst ekki nema með frekari rannsóknum og að lokum virkjun svæðanna í hæfilegum þrepum sem að endingu sker úr um svörun þeirra. Þá má líta á það sem ákveðinn veikleika hversu dreifð svæðin eru sem kallar á meiri fjárfestingar í virkjunarmannvirkjum en ef orkan væri öll á einu svæði.

Megin ógnunin sem steðjað getur að auðlindinni sem slíkri eru náttúruöflin sjálf, breytingar í jarðskorpunni sem geta breytt eðli jarðvarmasvæðanna, eldgos og jarðskjálftar.

Vegna eðlis jarðvarmaauðlindarinnar er erfitt að byggja upp raforkuframleiðslu nema í skrefum yfir lengri tíma. Þetta þarf að hafa í huga þegar greindir eru þeir kostir sem mögulegir eru til uppbyggingar orkufreks iðnaðar og haga samningum við mögulega orkukaupendur í samræmi við það.

Innviðir, stjórnslá og stjórnmal

Þrátt fyrir gott samstarf sveitarfélaganna á svæðinu er staðan sú að samstarf þriggja þeirra þarf til að nýta til fulls þau tækifæri sem orkuauðlindirnar skapa. Möguleg togstreita þeirra í milli er því ákveðinn veikleiki. Skilgreining sameiginlegra hagsmuna getur þó vegið þennan veikleika upp að einhverju leiti en á móti kemur að héraðsvitund Þingeyinga, þ.e. skynjun á sameiginlegum hagsmunum, virðist tiltölulega veik.

Fólksfækkun, smæð (fámenni) samfélagsins, einhæfni atvinnulífs sem hefur í för með sér ákveðna einhæfni mannauðs og tiltölulega lágt menntunarstig eru einnig veikleikar. Þessir þættir valda því m.a. að erfitt er að fá ungt fólk til að snúa heim að námi loknu.

Veikt flutningskerfi raforku innan svæðisins og ákvæði raforkulaga og reglugerða um raforkuflutninga eru ákveðnar ógnanir sem takast þarf sérstaklega á við í uppbyggingu orkufrekrar starfsemi á svæðinu. Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, alþjóðlegum flugvelli, ekkert áætlunarflug, flöskuhálsar í vegsamgögnum og engar strandsiglingar eru einnig veikleikar sem mæta þarf eftir því sem kostur er. Það sama er að segja um fjarskipta- og gagnaflutningsmál, sérstaklega utan Húsavíkur.

Svæðið er tiltölulega óþekkt og lítt kynnt fyrir erlendum fjárfestum og hefur suðvesturhornið verulegt forskot hvað varðar kynningarmál.

Stórfelld orkuvinnsla og nýting hennar á svæðinu mun óhjákvæmilega hafa í för með sér ýmis konar úrgang og mengunarvandamál sem takast þarf á við jafnhliða ákvörðunum um uppbyggingu.

Ýmsar ógnanir af pólitískum toga blasa við orkunýtingaráformum á svæðinu. Fyrst er að nefna óvissu um nýtingu auðlindanna vegna afstöðu stjórnvalda og verndunarsjónarmiða. Vegna fámennis er pólitísk staða svæðisins veikari en þeirra byggðarlaga þar sem fólksfjöldi er meiri. Þetta hefur m.a. leitt til þess að stuðningur stjórn málaafllanna á landsvísu hefur verið takmarkaður. Þá er óstöðugleiki í þjóðmálum almennt til þess fallinn að fæla frá fjárfesta. Takast þarf á við neikvæða ímynd stóriðju í hugum stórs hluta almennings sem viðhaldið er með hörðum áróðri.

Síðan er einnig að nefna að þó nýting verði heimiluð er mikil samkeppni um orkuna milli byggðarlaga og við aðra landshluta og jafnvel eru uppi hugmyndir um flutning hennar úr landi um sæstreng. Samkeppni á heimsvísu við niðurgreidda kjarnorku er einnig ákveðin ógnun við nýtingu jarðvarmaauðlindarinnar, ekki síst til raforkuframleiðslu þar sem nýtingin er mjög lítil.

Efnahagsmál og fjármögnun

Smæð samfélagsins og breytingar á eignarhaldi í atvinnulífinu á undanförunum árum, valda því að fjármagn er ekki fyrir hendi í héraði til stórfjárfestinga af því tagi sem nýting orkuauðlindanna felur í sér. Eignarhald á Þeistareykjum ehf. og takmörkuð geta heimaaðila til að halda hlut sínum í félaginu eru dæmi um þetta.

Stórfelld atvinnuuppbygging á ekki stærri vinnumarkaði mun óhjákvæmilega hafa í för með sér verulega þenslu á meðan á framkvæmdatíma stendur. Slíkri þenslu fylgir óhjákvæmilegt bakslag sem er ákveðin ógnun sem takast þarf á við eftir föngum.

Orkuvinnsla krefst mikilla fjárfestinga og þar sem alþjóðlega fjármálakreppan og þá sérstaklega bankahrunið héraðs hafa takmarkað aðgengi landsins og einstakra fyrirtækja, s.s. Landsvirkjunar að lánsfjármagni, þarf að leita nýrra leiða við fjármögnun framkvæmda. Hátt vaxtastig innanlands og veik staða íslenskra efnahagsmála almennt ógna einnig fjármögnun framkvæmda. Lega landsins tiltölulega langt frá helstu markaðssvæðum heims er einnig til þess fallin að ógna nýtingu orkuauðlindanna til stórfelldrar atvinnuuppbyggingar.